

Akureyri 3. desember 2012

### **Nefndarsvið Alþingis**

Austurstræti 8-10

105 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til sviðslistarlaga. Þingskjal 202 – 199. mál.

Með bréfi þessu vill undirritaður koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp fyrir hönd stjórnar Akureyrarstofu sem fer með menningarmál f.h. Akureyrarbæjar.

Stjórnin tekur undir athugasemdir Menningarráðs Eypings dags. 15. nóvember 2012 og borist hafa Alþingi. Sér í lagi þá sem snýr að þeirri skoðun mennta- og menningarráðuneytis sem telur edlilegt að allur stuðningur við áhugastarfsemi á hinum ýmsu sviðum falli innan ramma menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga eða með sérstöku framlagi á fjárlögum.

Á svæði Eypings hafa verkefni verið flutt frá ráðuneyti og til menningarráðsins en án þess að það fjármagn sem áður fór í viðkomandi verkefni fylgi að öllu leyti með. Þetta má ekki verða niðurstaðan komi til þess að stuðningur við áhugaleikfélög víða um land verði beint inn í menningarsamningana. Þá er og tekið undir athugasemd Menningarráðsins um mikilvægi og hlutverk Bandalags íslenskra leikfélaga gagnvart áhugaleikfélögunum um allt land.

Stjórn Leikfélags Akureyrar (LA), hefur eins og Menningarráðið, sent Alþingi sínar athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 5. nóvember 2012.

Stjórn Akureyrarstofu tekur eindregið undir þá skoðun að mikilvægi Leikfélags Akureyrar sem eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins sé undirstrikað í nýjum sviðslistalögum. Leikfélag Akureyrar er atvinnuvettvangur fyrir leikhúslistafólk. Vegna hans gefst því kostur á að hafa atvinnu af list sinni á Akureyri. En kraftar þess nýtast ekki eingöngu LA heldur einnig fjölmörgum áhugaleikfélögum á Norðurlandi öllu. Auk þess gegnir LA mikilvægu þjónustu- og uppeldishlutverki á svæðinu.

Loks er þess að geta að stjórn Leikfélags Reykjavíkur sendi Alþingi athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 12. nóvember 2012. Þar er á það bent að í nýju lögunum er gert ráð fyrir starfsemi sviðslistaráðs sem úthlutar styrkjum úr Sviðslistasjóði og að sjóðurinn er fyrst og fremst hugsaður fyrir sjálfstæða hópa sem þeir geta sótt um styrki fyrir einstaka uppsetningar eða tímabundna samninga, en jafnframt geti atvinnuleikhús eins og LR og LA sótt í sjóðinn.

Tekið er undir þá athugasemd stjórnar LR að starfsemi rótgróinna atvinnuleikhúsa eins og LR, sem er þeirra stærst og LA sem hefur áður nefnda sérstöðu, er mjög ólík starfsemi lítilla sjálfstæðra leikhópa og að afar óheppilegt er að svo ólíkum aðilum sé ætlað að sækja fé í sama pottinn.

Stjórn Akureyrarstofu tekur því undir með Menningarráðinu, stjórn Leikfélags Akureyrar og stjórn Leikfélags Reykjavíkur og sammála því að úr þurfi að bæta í fyrirbyggjandi frumvarpi. Það má gera annað hvort með viðbót við 18. grein lagana eins og stjórn LA leggur til eða með nýrri grein eins og stjórn LR leggur til:

*“Heimilt er mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóð að gera samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss, s.s. Leikfélag Akureyrar eða Leikfélag Reykjavíkur um fjárstuðning við leikhúsin. Slíkir samningar geta verið með eða á þátttöku hlutaðeigandi sveitarfélaga.”*

*Virðingarfyllst,*

Þórgnýr Dýrfjörð  
Framkvæmdastjóri Akureyrarstofu